

32. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 6. nóvember 2015 kl. 11:10 við Norðurgötu

Mættir: Katrín Freysdóttir foreldrafulltrúi, Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda, þau Hilmar Þór Halldórsson og Sigríður Ása Guðmarsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi.

1. Starfsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar skólaárið 2015-2016

Starfsáætluninni var dreift til fundarmanna og hún skoðuð. Sérstaklega var farið yfir þau mál sem varða öryggi nemenda, þ.e. viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar, hvað við gerum ef eldur kemur upp, öryggisreglur skólans og viðbrögð við þeim, hlutverk í skólabílnum og farsíma- og sjalltækjareglur. Nokkrar athugasemndir voru gerðar við þessi atriði sem komið verður áfram og áætlunin lagfærð í samræmi við það. Einnig var talað um að skoða þyrfti það að nemendur unglिंगadeildar fengju læsta skápa undir verðmæti í íþróttahúsinu á Siglufirði. Skólastjóri ætlar að kanna það mál.

2. Önnur mál

- Fjárhagsáætlun stendur yfir, búast má við niðurskurði í rekstri skólans
- Í gær fundaði ný námsnefnd skólans í fyrsta skipti en í henni eiga sæti fulltrúar allra bekkja unglिंगadeildar auk deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra. Nefndinni er ætlað að auka lýðræði í skólanum og er vettvangur fyrir nemendur að koma sjónarmiðum sínum um nám og kennslu á framfæri
- ársskýrslu skólans fyrir skólaárið 2014-2015 var dreift á fundarmenn
- Sigga Salla sagði okkur frá því að nú væri spurningakeppnin School-quiz haldin hálfsmánaðarlega

Fundi slitið kl. 12:00

Guðrún Unnsteinsdóttir